

# Stjórn Reykjanesfólkvangs

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

## Fundur í Stjórn Reykjanesfólkvangs

24. apríl 2023, kl. 16

Borgartúni 12-14, Saltvík

**Mættir:** Kristinn Jón Ólafsson, Stella Stefánsdóttir, Ásrún Kristinsdóttir (fyrir Sigurveigu M. Ölundardóttur), Sverrir B. Magnússon, Ingimar Ingimarsson

Einnig sátu fundinn René Biasone UST, Óskar Sævarsson landvörður og Þórólfur Jónsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

### 1. Yfirferð um landvörslu

- Óskar Sævarsson kom á fundinn og kynnti helstu verkefni landvarðar.
- Samningur hefur verið um landvörslu frá 15. apríl til 1. nóv. ár hvert.
- Mikil aukning varð á fjölda ferðamanna 2019 og er ekkert lát á því. Það sést skýrt í [talningum Ferðamálastofu](#) sem er með teljara í Seltúni.
- Undanfarin ár hefur landvörður þurft að sinna mörgum verkefnum utan hefðbundins tímabils, t.d. kvikmyndaverkefni, viðvarandi ferðamannastraumur, eldgos o.fl., og því hefur verið greidd viðbótargreiðsla.
- Landvörður er tilbúinn til að sinna verkefnum áfram á þessu ári.
- Stjórnin samþykkti að gera samning við landvörð á sömu nótum og verið hefur að teknu tilliti til verðlagshækkunar.**

### 2. Aðkoma Umhverfisstofnunar (UST)

- René Biasone fór yfir lagalega umgjörð [Reykjanesfólkvangs](#), aðkomu UST sem m.a. gerir ástandsskoðun á friðlýstum svæðum og tekur saman í [skýrslu árlega](#). Þar kemur m.a. fram slæmt ástand á Djúpavatnsleið.
- Samkvæmt náttúruverndarlögum gerir UST stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir friðlýst svæði, en ekki hefur farið af stað vinna fyrir Reykjanesfólkvang. Stjórnin hefur áður skorað á UST að hefja slíka vinnu og var **samþykkt að senda fyrirspurn til UST um hvenær hægt verði að hefja vinnu við og ljúka stjórnunar- og verndaráætlun fyrir fólkvanginn.**

### 3. Áform Reykjavíkur

- Kjörnir fulltrúar Reykjavíkur hafa tekið ákvörðun um að skoða grundvöll þess að Reykjavík dragi sig út úr rekstri Reykjanesfólkvangs frá árinu 2024.
- Rætt var um hvort að fólkvangurinn eða hlutar hans ættu að falla í annan friðlýsingarflokk, jafnvel að verða þjóðgarður eða eitthvað annað fyrirkomulag. Rifjað var upp samtal við Reykjanes Geopark sem laut að því að skoða samstarf á sínum tíma.
- Ákveðið var að stjórnarmenn opnuðu samtal hver í sínu sveitarfélagi um ofangreint og kalla eftir kynningu á Reykjanes Geopark.**

## **Stjórn Reykjanesfólkvangs**

kt. 581280-0419

Borgartúni 10-12 – 105 Reykjavík

Fundi slitið 17:30Stefnt á að næsti fundur yrði í Grindavík seinni hluta maí.